



Upplýsingar

fyrir foreldra um grunnskóla í Reykjavík

Skólaskylda

Öll börn eru skólaskyld á því ári sem þau ná 6 ára aldri, skólaskyldan varir í 10 ár, eftir það geta nemendur sótt nám í framhaldsskólum og þar á eftir í háskólum. Nær öll börn í Reykjavík hafa verið 3 – 4 ár í [leikskóla](#) áður en þau hefja nám í grunnskóla.

Skólatími

Skólaárið hefst í kringum 20. ágúst og lýkur í byrjun júní, samtals í 180 kennsludagum. Skólarnir gefa út skóladagatal á hverju vori þar sem sjá má skipulag skólaársins.

Skólar byrja ekki allir á sama tíma á morgnana en almennt kl. 8 – 9. Skóladeginum lýkur oftast kl. 14 – 16.

Nemendur í 1. – 4. bekk eru að meðaltali 20 klukkustundir á viku í skólanum, í 5. – 7. bekk rúmlega 23 klukkustundir en í 8. – 10. bekk tæplega 25 klukkustundir. Kennslumagn tekur mið að viðmiðunarstundaskrá [aðalnámskrá grunnskóla, 2008](#).

Matur/nesti

Foreldrar eiga kost á því að kaupa heitan mat í hádeginu á vægu verði fyrir börn sín. [Sjá nánar hér](#).

Auk þess mæla skólar oft með því að börn komi með hollt nesti eins og t.d. ávexti til að borða milli mála.

Í hvaða skóla á barnið að fara?

Öll börn hafa forgang að skólanum í hverfinu þar sem þau eru búsett og eiga þar að fá kennslu við sitt hæfi. Foreldrar geta einnig sótt um skólavist í öðrum hverfisskóla eða í sjálfstætt starfandi skóla fyrir barnið. Sjá upplýsingar um [skólahverfi](#)

Frístundastarf

Þegar skóladeginum lýkur og í skólafríum stendur 6-9 ára börnum til boða þátttaka í frístundastarfi á [frístundaheimilum](#). Frístundaheimilin eru ýmist staðsett í húsnæði skólanna eða í nágrenni þeirra og eru opin virka daga til kl. 17:15. Hlutverk frístundaheimila er að bjóða upp á innihaldsríkan frítíma þar sem börn fá tækifæri til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni. Gjald er tekið fyrir dvöl á frístundheimili. Börn og unglingar á aldrinum 10 – 16 ára geta tekið þátt í starfi [félagsmiðstöðva](#). Þar býðst börnum aðstaða til afþreyingar og samveru með jafnöldrum í öruggu umhverfi. Í félagsmiðstöðvum og á frístundaheimilum er lögð áhersla á að virkja börn og unglinga til virkrar þátttöku og framkvæmda í starfinu, efla félagsfærni og styrkja sjálfsmynd þeirra. Frístundaheimili og félagsmiðstöðvar leitast við að samþætta starf sitt við annað frístundastarf sem frjáls félag í borginni standa fyrir. Á frístundavefnum, www.fristund.is er að finna ítarlegar upplýsingar um framboð frístundastarfs í Reykjavík.



Innritun í grunnskóla Reykjavíkur

Reykjavíkurborg rekur [39 grunnskóla](#) en auk þess eru starfandi [7 sjálfstætt reknir](#) grunnskólar.

Innritun í grunnskóla Reykjavíkur og frístundaheimili fer fram í gegnum [Rafræna Reykjavík](#). Ef börn hafa ekki fengið lögheimili í Reykjavík eða kennitölu fer innritunin fram í grunnskólanum. Nánari upplýsingar má fá hjá sfs@reykjavik.is og í síma 411 11 11

Ef börn innritast í sjálfstætt starfandi skóla, sérskóla eða fara erlendis er óskað eftir að upplýsingar um það verði sendar á netfangið sfs@reykjavik.is.

Pegar börn sem búsett eru í Reykjavík fara í almenna skóla utan Reykjavíkur þarf að fylla út sérstaka [beiðni um námsvist í grunnskóla utan lögheimilis sveitarfélaga](#) sem finna má á heimasíðu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

Við móttöku barna af erlendum uppruna sem eru nýlega flutt til borgarinnar er stuðst við [Móttökuáætlun barna með annað móðurmál en íslensku](#).

Skólinn gegnir afar mikilvægu félagslegu hlutverki fyrir öll börn. Langflestir foreldrar kjósa hverfisskólann, þannig aukast líkur á því að barnið eignist vini og kunningja í nærsamfélaginu og auk þess er styttra fyrir barnið að sækja skóla.

Nemendur í grunnskólum er fjölbreyttur hópur og þarfir þeirra mismunandi

Grunnskólar í Reykjavík starfa eftir þeirri megin hugmyndafræði að skólinn sé án aðgreiningar. Menntun án aðgreiningar er samfelld ferli sem hefur það að markmiði að bjóða upp á góða menntun fyrir alla. Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda og lögð er áhersla á að útrýma öllum gerðum mismununar og aðgreiningar í skólum (aðalnámskrá grunnskóla, 2011).

Samstarf skóla og foreldra um nám og velferð barnsins

Grunnskólinn leggur áherslu á gott samstarf við alla foreldra með velferð barnsins að leiðarljósi. Rannsóknir sýna að enginn einn einstakur þáttur hefur eins mikil áhrif á námsárangur og líðan nemenda í skólanum eins og áhugi og stuðningur foreldra og væntingar þeirra til barns síns. Skólinn leitar því allra leiða til að gefa öllum foreldrum hlutdeild í námi barna þeirra á forsendum hvers og eins. Velferð barnsins er best tryggð með góðu samstarfi foreldra og skóla sem byggir á gagnkvæmu trausti og virðingu. Starfsfólk skóla skal ávallt bera velferð nemenda fyrir brjósti og leggja sig fram um að tryggja nemendum öryggi, vellíðan og vinnufrið til að þeir geti notið skólagöngu sinnar. Starfsfólki ber að stuðla að jákvæðum skólabrag og starfsanda í öllu skólastarfi og góðri umgengni.

[Hér eru nokkur ráð til foreldra um hvernig þeir geta stutt við nám og líðan barna sinna í skólanum.](#)

[Foreldrarvefurinn](#) hefur að geyma fleiri upplýsingar og hagnýt ráð fyrir foreldra.

Ábyrgð, réttindi og skyldur foreldra

Foreldrar skólaskylds barns bera ábyrgð á að það innritist í skóla þegar það kemst á skólaskylduáldur og sæki skóla.

Foreldrar bera ábyrgð á uppeldi barna sinna. Þannig bera foreldrar einnig, ásamt börnum sínum, ábyrgð á hegðun þeirra og framkomu gagnvart samnemendum og starfsfólki skóla og eiga að bregðast við afleiðingum hegðunar barna sinna í skóla.

Foreldrar gæta hagsmuna barna sinna og ber að stuðla að því að þau stundi nám sitt. Þeim ber að fylgjast með námsframvindu í samvinnu við þau og kennara.

Foreldrar skulu fá tækifæri til að taka þátt í námi barna sinna, sem og í skólastarfinu almennt í samráði við umsjónarkennara og skólastjórnendur.

Foreldrum ber að greina skólanum frá þeim þáttum sem kunna að hafa áhrif á námsframvindu, ástundun og hegðun, s.s. um vanlíðan barna sinna og áföll sem gætu haft áhrif á skólagönguna, sem og þegar breytingar verða á högum þeirra og aðstæðum.

Foreldrum er skylt að vinna að lausn mála í samstarfi við skóla, sérfræðipjónustu og fræðsluyfirvöld sveitarfélaga þegar misbrestur verður á hegðun og framkomu barna þeirra.

Foreldrum ber ásamt barni að taka þátt í meðferð máls, en telji foreldrar eða stjórnendur skóla að ekki ríki trúnaður eða traust í tengslum við umfjöllun um mál barns er æskilegt að leita aðstoðar óvilhalls aðila (5. gr. reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum).

Sjá einnig um [ábyrgð, réttindi og skyldur nemenda og starfsfólks skólans](#)

Upplýsingar

Algengt er að upplýsingum um barnið og skólastarfið sé miðlað til foreldra gegnum samskiptavef, með tölvupósti, símtölum eða á fundum, sem haldnir eru a.m.k. tvisvar á ári. [Hér eru gagnleg ráð til foreldrar fyrir slíka fundi](#). Foreldrar eru á sama hátt hvattir til að veita skólanum nauðsynlegar upplýsingar um barnið og hagi þess.

Algengt að foreldrum sé boðið á kynningar eða samkomur í skólanum oft í samstarfi við foreldrafélagið. Þeir eru einnig hvattir til að kynnast sem best námi barns síns og starfinu í skólanum af eigin raun og heimsækja skólann í samráði við kennara. Þegar foreldrar óska eftir því er stuðst við þjónustu túlka. Best er þegar foreldrar og skólinn koma sér saman um á hvaða hátt best er að haga samskiptunum.

Starfsfólk skólans skal gæta fyllstu þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra, sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna og eðli máls. Það eru einnig vinsamleg tilmæli til foreldra að þeir virði þá þagnarskyldu sem ríkir í skólanum og ræði ekki út á við um það sem þeir verða áskynja um málefni og aðstæður annarra barna.

Foreldrafélag og skólaráð

Í öllum grunnskólum starfa [foreldrafélög og skólaráð](#). Allir foreldrar skólans eru félagar í foreldrafélaginu sem velur sér stjórn. Í bæklingnum [Stoðir í skólastarfi](#) eru upplýsingar um hlutverk og ábyrð foreldrafélaga og skólaráða. Foreldrar í hverjum bekk eða nemendahópi velja sér einnig [bekkjafulltrúa](#). Starf þeirra felst fyrst og fremst í því að vera leiðtogar í hópi foreldra í bekknum, fremstir meðal jafningja.

Áheyrnarfulltrúi frá samtökum foreldrafélaga í Reykjavík [SAMFOK](#) situr fundi skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar.

Skóla- og frístundaráð

Reykjavíkurborgar

Skóla- og frístundaráð mótar stefnu í mennta- og frístundamálum á vegum Reykjavíkurborgar tekur ákvarðanir og gerir tillögur til borgarráðs hvað varðar verksvið þess. Jafnframt hefur ráðið eftirlit með að samþykktum og stefnumörkun borgarinnar í mennta- og frístunda málum sé fylgt og fylgist með gæðum skóla- og frístundastarfs. Þá fer ráðið með önnur þau verkefni sem borgarráð ákveður. Skóla- og frístundaráð fer með verkefni skólanefndar skv. grunnskólalögum nr. 66/1995.

Námsgreinar - Námssvið	1. – 4. bekkur	5. – 7. bekkur	8. – 10. bekkur	Vikulegur kennslutími	Vikulegur kennslutími
	Heildartími í 1. – 4. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 5. – 7. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 8. – 10. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 1. – 10. bekk. Mínútur á viku	Hlutfall
Íslenska, íslenska sem annað tungumál og íslenskt tákni	1.120	680	630	2.430	18,08%
Erlend tungumál: enska, danska eða önnur norðurlandamál	80	460	840	1.380	10,27%
List- og verkgreinar	900	840	340	2.080	15,48%
Náttúrugreinar	420	340	360	1.120	8,33%
Skólaíþróttir	480	360	360	1.200	8,93%
Samfélagsgreinar, trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál, siðfræði	580	600	360	1.540	11,46%
Stærðfræði	800	600	600	2.000	14,88%
Upplýsinga- og tæknimennt	120	160	80	360	2,68%
Til ráðstöfunar / Val	300	160	870	1.330	9,90%
Alls	4.800	4.200	4.400	13.440	100%

Móðurmál og íslenska

Góð þekking á móðurmáli og íslensku er bæði auður fyrir einstakling og samfélag, auður sem ber að rækta og gæta. Fræðimenn benda á að móðurmálskunnátta barna spili sterkega inn í nám þeirra og þroska en góður grunnur í móðurmáli getur haft grundvallaráhrif á máltöku annars máls þegar vel er að staðið. Þá hafa fræðimenn sýnt fram á að virðingarstaða móðurmálsins og viðhorf til þess geti haft mikil áhrif á þróun sjálfsmyndar barna og trú á eigin getu. Rannsóknir hafa sýnt fram á að virkt tvítyngi sé farsælast fyrir nám og líf barna. Það felur í sér málviðbót þar sem nýja málinu er bætt við móðurmálið en kemur ekki í stað þess. Virkt tvítyngi styrkir og hefur jákvæð áhrif á námsárangur á meðan málskipti hafa neikvæð áhrif. Færni í móðurmáli er lykilli að því að læra annað mál auk þess sem hún er líklegri til að styðja við vitsmunalegan þroska á öðrum sviðum. Sjá nánar í [Heimurinn er hér](#).